

Björn Steinbekk Kristjánsson
Byggdarendi
Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2022
UST202210-117/P.V.B.
09.08.02

Efni: Akstur utan vega gosstöðvar á Reykjanesi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Björns Steinbekk Kristjánssonar, dagsett 14. október 2022, um leyfi til aksturs utan vega í Meradali vegna kvikmyndatöku.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra einn bíl frá Þjóðvegi að eldstöðvunum í Geldingadölum til að flytja þungan kvikmyndabúnað. Aksturinn færi fram eftir leið sem keyrð hefur verið til að komast að gosstöðvunum síðan í ágúst 2022. Akstur færi fram síðdegis 18. október 2022. Kort sem sýnir staðsetningu fylgdi með umsókn.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Lögreglunar á Suðurnesjum þann 17. október 2022 vegna umsóknarinar. Umsögn lögreglunar barst þann 18. október 2022. Í umsögn lögreglunar kemur fram að hún gerir ekki athugasemdir við þessa undanþágu heimild.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefni geti haft áhrif á náttúru þess svæðis sem ekið verður um, en hægt er að lágmarka þau áhrif ef neðangreindum skilyrðum er fylgt og þeirri leið sem lýst er í umsókn fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Birni Steinbekk Kristjánssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega eftir Meradalaleið sbr. lýsingu hér að ofan þann 18. október 2022.

Akstur utan vega vegna verkefnisins er eingöngu heimill vegna flutnings búnaðar en ekki til fólksflutninga.

Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fyrirhuguð ferð skal tilkynnt til vettvangsstjórnar á svæðinu og skal fylgja fyrirmælum hennar í hvívetna.
- Dekkjastærð ökutækis skal vera að lágmarki 35 tommur. Hleypa skal lofti úr dekkjunum til að lágmarka rask á þeim hluta leiðarinnar sem er verst farinn.
- Ökutækjum skal lagt þannig að þau hindri ekki aðkomu viðbragðsaðila og vísindamanna.

- Vettvangsstjórn er heimilt að takmarka eða loka fyrir aðgengi að svæðinu, s.s. vegna öryggis, veðurs, aðstæðna eða fjölda bíla á svæðinu.
- Heimildin nær einungis til aksturs eftir Meradalaleið en ekki um svæðið að öðru leiti.
- Leyfið gildir einungis fyrir einni ferð fram og til baka á tímabilinu.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf einnig fyrir akstrinum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur